



Yfirlýsing um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti

Aðili á fjármálamarkaði: C WorldWide Fund Management S.A.
(Auðkenni lögaðila: 549300POC291LPIYSQ93)

Júní 2024



Efnisyfirlit

Samantekt.....	2
Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti.....	4
Lýsing á stefnumiðum um greiningu og forgangsröðun helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti	16
PAI-vísar.....	16
Greining og mat á helstu neikvæðu áhrifum	17
Helstu neikvæð áhrif sem matsþættir í ákvarðanatökufærli fjárfestinga og í stefnumörkun um virkt eignarhald.....	17
Skekkjumörk aðferðar.....	18
Uppruni gagna.....	18
Þátttökustefna	19
Vísanir í alþjóðlega staðla	21
Hnatrænt samkomulag SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum	21
Net Zero Asset Managers samstarfið.....	22
Framsýn loftslagssviðsmynd	22
Sögulegur samanburður.....	23

Samantekt

C WorldWide Fund Management S.A. (auðkenni lögaðila: 549300POC291LPIYSQ93) („CWW FM“) leggur mat á helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana sinna á sjálfbærniþætti. Hér er um að ræða yfirlýsingu á samstæðugrunni um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti í starfsemi CWW FM.

CWW FM er rekstrarfélag tiltekinna verðbréfasjóða („sjóðirnir“). Fjárfestingarstýring sjóðsdeilda sjóðanna („sjóðsdeildirnar“) hefur verið falin hlutdeildarfélagi CWW FM sem nefnist C WorldWide Asset Management Fondsmæglingarselskab A/S („CWW AM“). Mat á helstu neikvæðu áhrifum verður framkvæmt fyrst og fremst af CWW AM á grundvelli þessarar yfirlýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti (öðru nafni „PAI-yfirlýsing“). Til viðbótar þessari PAI-yfirlýsingu hefur CWW AM samið aðra yfirlýsingu um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti, þ.m.t. fyrir sjóðina og aðra sjóði sem og umboð sem CWW AM hefur til að taka fjárfestingarákvarðanir fyrir hönd viðskiptavina.

PAI-yfirlýsing þessi tekur til viðmiðunartímabilsins frá 1. janúar til 31. desember 2023. Í síðasta lagi 30. júní ár hvert mun CWW FM birta PAI-yfirlýsingu sína, þ.m.t. upplýsingar um hvern vísi um helstu áhrif („PAI-vísar“) sem CWW FM hefur ákveðið að leggja mat á, og verða þessar upplýsingar birtar á www.cww.lu.

CWW FM leggur mat á skyldubundna PAI-vísa sem gilda um fjárfestingar í fyrirtækjum. Að auki hefur CWW FM valið einn loftslags- og annan umhverfistengdan PAI-vísi og einn PAI-vísi fyrir samfélags- og launþegamál, virðingu fyrir mannréttindum og ráðstafanir gegn spillingu og mútugreiðslum. PAI-vísarnir eru taldir upp hér fyrir neðan. Vinsamlegast notið dálkinn sem ber yfirskriftina „Tafla“ til að finna upplýsingar um aðgerðir sem ráðist hefur verið í, fyrirhugaðar aðgerðir og sett markmið fyrir næsta viðmiðunartímabil.

Loftslags- og aðrir umhverfistengdir vísar			
Vísir um neikvæð áhrif á sjálfbærni		Tafla	Númer
Losun gróðurhúsalofttegunda	Losun GHG	1	1
	Kolefnisspor	1	2
	Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda hjá fyrirtækjum sem fjárfest er í	1	3
	Fjárfestingar í fyrirtækjum sem eru virk í jarðefnaeldsneytisgeiranum	1	4
	Hlutfall notkunar og framleiðslu óendurnýjanlegrar orku	1	5
	Orkunotkunarkræfni á hvern geira sem hefur mikil loftslagsáhrif	1	6
	Fjárfestingar í fyrirtækjum sem hafa ekki ráðist í aðgerðir til að draga úr kolefnislosun	2	4
	Líffræðileg fjölbreytni	Starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á viðkvæm svæði með tilliti til líffræðilegs fjölbreytileika	1
Vatn	Losun í vatn	1	8
Úrgangur	Hlutfall hættulegs og geislavirks úrgangs	1	9
Vísar um samfélags- og launþegamál, virðingu fyrir mannréttindum og ráðstafanir gegn spillingu og mútum			
Vísir um neikvæð áhrif á sjálfbærni		Tafla	Númer
Samfélags- og launþegamál	Brot á meginreglum hnattræns samkomulags SP og viðmiðunarreglum OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	1	10
	Skortur á ferlum og kerfum til að hafa eftirlit með fylgni við meginreglur hnattræns samkomulags SP og viðmiðunarreglur OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	1	11
	Óleiðréttur launamunur kynjanna	1	12
	Kynjafjölbreytni í stjórnnum	1	13
	Fjárfestingar sem tengjast umdeildum vopnum	1	14
Ráðstafanir gegn spillingu og mútum	Skortur á ráðstöfunum gegn spillingu og mútum	3	15



Lýsing á helstu neikvæðu áhrifum á sjálfbærniþætti

Í reglugerð (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“) eru settir fram 18 skyldubundnir og 46 valfrjálsir vísar um helstu neikvæð áhrif fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti sem aðilar á fjármálamarkaði ættu að hafa í huga í fjárfestingarferlum sínum og veita upplýsingar samkvæmt.

CWW FM mun nota skyldubundnu PAI-vísana og tvo valfrjálsa PAI-vísa til að greina og meta helstu neikvæð áhrif hjá öllum sjóðsdeildum. Upplýsingar um skyldubundna og valfrjálsa PAI-vísa og fyrirhugaðar aðgerðir eða sett markmið fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2024 sem miða að því að koma í veg fyrir eða draga úr helstu neikvæðu áhrifum er að finna í töflum 1–3 hér fyrir neðan. Vegna þess að CWW FM fjárfestir ekki í ríkisbréfum, yfirþjóðlegum aðilum né fasteignum hafa engar aðgerðir verið skipulagðar né markmið verið sett hvað varðar PAI-vísa nr. 15–18.

Upplýsingar um áhrif fjárfestinga CWW FM samkvæmt PAI-vísunum verða birtar árlega í síðasta lagi 30. júní. Þessar upplýsingar taka til tímabilsins 1. janúar til 31. desember árið á undan. Upplýsingar um slík áhrif samanborið við árið á undan verða birtar í síðasta lagi 30. júní 2025 og svo samfellt á ársgrundvelli.

Tafla 1: Skyldubundnir PAI-vísar

Vísar sem eiga við um fjárfestingar í fyrirtækjum

Loftslags- og aðrir umhverfistengdir vísar

Vísir um neikvæð áhrif á sjálfbærni	Mælikvarði	Áhrif 2023	Skýring	Aðgerðir sem ráðist hefur verið í, fyrirhugaðar aðgerðir og sett markmið fyrir næsta viðmiðunartímabil	
Losun gróðurhúsa lofttegunda	1. Losun GHG í umfangi 1	Losun GHG í umfangi 1	98.132,3 tonn CO2-íg	Pekja 96,1% Áætlað 19,4% Greint frá 80,6%	Almenn nálgun CWW FM leggur áherslu á að viðhalda því markmiði að ná nettó núlllosun gróðurhúsalofttegunda í síðasta lagi árið 2050 í samræmi við Parísarsamkomulagið um að takmarka hlýnun jarðar við 1,5 gráður á Celsíus. CWW AM hefur undirritað Net Zero Asset Managers samkomulagið, sem felur í sér losunarmarkmið í eftirfarandi áföngum: 50% minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 og núlllosun gróðurhúsalofttegunda í síðasta lagi árið 2050, hvort tveggja miðað við árið 2019. CWW FM tekst á hendur þessar skuldbindingar á grundvelli væntinga um að ríkisstjórnir standi við sínar skuldbindingar um að tryggja að markmiðum Parísarsamkomulagsins sé náð, þ. á m. að auka landsákvörðuð framlög sín, í samhengi við lagaskyldur CWW FM gagnvart fjárfestum í sjóðum sínum og að því marki sem gjaldandi lög kveða ekki á um annað.
		Losun GHG í umfangi 2	40.393,3 tonn CO2-íg	Pekja 96,1% Áætlað 19,4% Greint frá 80,6%	
		Losun GHG í umfangi 3	1.800.192,8 tonn CO2-íg	Pekja 95,9% Áætlað 42,9% Greint frá 57,1%	
		Heildarlosun GHG	1.982.998,1 tonn CO2-íg	Pekja 95,9% Áætlað 44,1% Greint frá 55,9%	
	2. Kolefnisspor	Kolefnisspor	225,0 tonn CO2-íg / fjárf. m. evra	Pekja 95,9% Áætlað 44,1% Greint frá 55,9%	Hvatning til þátttöku í umbótum Losun gróðurhúsalofttegunda var eitt af lykilviðfangsefnum ársins 2023 í tengslum við hvatningu til þátttöku í umbótum (e. engagement). Þetta viðfangsefni er enn lykilatriði í þátttökustefnu félagsins. CWW FM fylgist stöðugt með og á í samskiptum við fyrirtæki sem sjóðsdeildirnar fjárfesta í en eru með mikla losun, í því skyni að hvetja þau til þátttöku í umbótum.
	3. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda hjá fyrirtækjum sem fjárfest er í	Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda hjá fyrirtækjum sem fjárfest er í	635,1 tonn CO2-íg / tekjur m. evra	Pekja 95,9% Áætlað 44,4% Greint frá 55,6%	

4. Fjárfestingar í fyrirtækjum sem eru virk í jarðefnaeldsneytisgeiranum	Hlutfall fjárfestinga í fyrirtækjum sem eru virk í jarðefnaeldsneytisgeiranum	3,7%	Pekja 99,6% Áætlað 0% Greint frá 100%	Að auki tekur CWW FM þátt í Climate Action 100+ samstarfinu í því skyni að hvetja til slíkrar þátttöku. Með þessu samstarfi undir forystu fjárfesta er leitast við að fá þau fyrirtæki sem eru með mesta losun í heiminum til að grípa til nauðsynlegra aðgerða gegn loftslagsbreytingum.
5. Hlutfall notkunar og framleiðslu óendurnýjanlegar orku	Hundraðshlutfall notkunar og framleiðslu á óendurnýjanlegri orku hjá fyrirtækjum sem fjárfest er í, úr óendurnýjanlegum orkulindum samborið við endurnýjanlegar orkulindir	Notkun: 65,6% Framleiðsla: 0,2%	Pekja 73% Pekja 100%	Atkvæðagreiðsla með umboði Stefna CWW FM um atkvæðagreiðslu á hluthafafundum miðar að því að styðja tillögur sem teljast vera í þágu sjálfbærrar langtímaávöxtunar fyrir hluthafa. Lykiláherslur CWW FM hvað þetta varðar eru m.a. mál sem minnihluti hluthafa leggur fram, tilhögun launakjara, aukin upplýsingagjöf og gagnsæi og mál sem tengjast sjálfbærni. Í tengslum við loftslagsmál hefur CWW FM náðar tiltekið staðið fyrir tillögum sem styðja stefnumið starfshóps Alþjóðlega fjármálastöðugleikaráðsins um loftslagstengda upplýsingagjöf á fjármálasviði (e. Task Force on Climate-Related Financial Disclosures (TCFD)) og innleiðingu tilmæla þessa starfshóps.
6. Orkunotkunarkræfni á hvern geira sem hefur mikil loftslagsáhrif	Orkunotkun í GWst á hverja milljón evra í tekjum fyrirtækja sem fjárfest er í, á hvern geira sem hefur mikil loftslagsáhrif	Samtals: 0,1790 8002 GWst / tekjur m. evra Geiri A: 0,0000 537598 28 GWst / tekjur m. evra	Pekja 94,9% Áætlað 20,1% Greint frá 79,9% Pekja 100% Áætlað 100% Greint frá 0%	Útilokanir Hlutabréf eru valin út frá því að þau samræmist umhverfis- eða samfélagslegum áherslum sjóðsdeildanna, í samræmi við bindandi fjárfestingarstefnu þeirra. Eins og lýst er í upplýsingagjöf CWW FM um sjálfbærni beitir félagið útilokunarmörkum þannig að fyrirtæki sem eru með verulegum hætti viðriðin starfsemi sem hefur neikvæð loftslagsáhrif eru útilokuð frá fjárfestingum félagsins. Slík starfsemi tengist einkum olíu og gasi, kolum til hitunar, tjörusandi og orkugjöfum sem unnir eru úr leirsteini. Vinsamlegast athugið að þessi útilokunarmörk eiga aðeins við um ákveðnar sjóðsdeildir.

Geiri B: Þekja 100%
0,0028 Áætlað 0%
310006 Greint frá
GWst / 100%
tekjur
m. evra

Geiri C: Þekja 94,3%
0,0858 Áætlað
55015 24,5%
GWst / Greint frá
tekjur 75,5%
m. evra

Geiri D: Þekja 100%
0,0770 Áætlað
3126 22,2%
GWst / Greint frá
tekjur 77,8%
m. evra

Geiri E: Þekja 100%
0,0000 Áætlað 0%
234090 Greint frá
77 GWst 100%
/ tekjur
m. evra

Geiri F: Þekja 100%
0,0000 Áætlað 0%
919145 Greint frá
9 GWst 100%
/ tekjur
m. evra

			Geiri G: 0,0031 270324 GWst / tekjur m. evra	Þekja 100% Áætlað 10% Greint frá 90%	
			Geiri H: 0,0003 432568 6 GWst / tekjur m. evra	Þekja 100% Áætlað 0% Greint frá 100%	
			Geiri L: 0,0054 75945 GWst / tekjur m. evra	Þekja 100% Áætlað 0% Greint frá 100%	
Líffræðileg fjölbreytni	7. Starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á viðkvæm svæði með tilliti til líffræðilegs fjölbreytileika	Hlutfall fjárfestinga í félögum með starfsstöðvar/starfsemi sem er staðsett á eða nálægt viðkvæmum svæðum með tilliti til líffræðilegs fjölbreytileika, þar sem starfsemi þessara félaga sem fjárfest er í hefur neikvæð áhrif á þau svæði	1,22%	Þekja 98,7%	<p>Almenn nálgun CWW FM vinnur sem stendur að því að meta áhrif sjóðsdeildanna á líffræðilegan fjölbreytileika. Fyrir viðkomandi geira kann að vera að einstakir eignasafnsstjórar taki mið af líffræðilegum fjölbreytileika.</p> <p>Hvatning til þátttöku í umbótum Árið 2024 eru losun gróðurhúsalofttegunda og skortur á framtaki til að draga úr kolefnislosun lykilviðfangsefni CWW FM hvað varðar að hvetja aðra til þátttöku í umbótum, en á þeim vettvangi er félaginu kleift að berjast gegn loftslagsbreytingum, þ.m.t. að stuðla að réttri notkun lands, sjávar og lofta.</p>

					Í því augnamiði á CWW FM í samskiptum, eftir því sem við á, við fyrirtæki sem hafa veruleg áhrif á viðkvæm svæði með tilliti til líffræðilegs fjölbreytileika.
Vatn	8. Losun í vatn	Losun í vatn frá fyrirtækjum sem fjárfest er í, á hverja milljón evra sem fjárfestar eru, gefin upp sem vegið meðaltal í tonnum	0,01 tonn / fjárf. m. evra	Pekja 16,1% Áætlað 76,4% Greint frá 23,6%	Almenn nálgun Vegna stöðugrar þróunar á þessu sviði og takmarkaðra fyrirbyggjandi gagna mun CWW FM halda áfram að fylgjast með og rannsaka framboð og gæði upplýsinga í tengslum við vatn. Eftir því sem þessari þróun vindur fram mun nálgun CWW FM taka á sig skýrari mynd.
Úrgangur	9. Hlutfall hættulegs og geislavirks úrgangs	Hættulegur og geislavirkur úrgangur frá fyrirtækjum sem fjárfest er í, á hverja milljón evra sem fjárfestar eru, gefinn upp sem vegið meðaltal í tonnum	4,05 tonn / fjárf. m. evra	Pekja 94,9% Áætlað 49,8% Greint frá 50,2%	Almenn nálgun Vegna stöðugrar þróunar á þessu sviði og takmarkaðra fyrirbyggjandi gagna mun CWW FM halda áfram að fylgjast með og rannsaka framboð og gæði upplýsinga í tengslum við hættulegan og geislavirkan úrgang. Eftir því sem þessari þróun vindur fram mun nálgun CWW FM taka á sig skýrari mynd.
Vísar um samfélags- og launþegamál, virðingu fyrir mannréttindum og ráðstafanir gegn spillingu og mútum					
Vísir um neikvæð áhrif á sjálfbærni	Mælikvarði	Áhrif 2023	Skýring	Aðgerðir sem ráðist hefur verið í, fyrirhugaðar aðgerðir og sett markmið fyrir næsta viðmiðunartímabil	
Samfélags- og launþegamálin	10. Brot á meginreglum hnattræns samkomulags SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact) og viðmiðunarreglur um OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki (e.	Hlutfall fjárfestinga í fyrirtækjum sem hafa verið viðriðin brot á meginreglum hnattræns samkomulags SP eða viðmiðunarreglum OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	7,7%	Pekja 98,7%	Almenn nálgun CWW AM hefur undirritað meginreglur hnattræns samkomulags Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact Principles). Við mat á hegðun fyrirtækja hefur CWW FM alþjóðleg viðmið að leiðarljósi á þessu sviði, s.s. ofangreindar meginreglur SP, leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi (e. UN Guiding Principles on Business and Human Rights) og viðmiðunarreglur OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki.

Guidelines for
Multinational
Enterprises)

Hvatning til þátttöku/útilokun

Fyrir allar sjóðsdeildir fylgist CWW FM stöðugt með þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í og metur og greinir aðlögun þeirra að hnattrænu samkomulagi SP. CWW FM leitast við að vera í stöðugum samskiptum við fyrirtæki sem fjárfest er í ef þau hafa brotið verulega í bága við tíu meginreglur hnattræns samkomulags SP eða viðmiðunarreglur OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki eða gert mistök við stjórnun þessa málaflokks. Eftirlit með samræmi við alþjóðleg viðmið og venjur er grundvöllur þátttökuhvátningar þegar slík brot koma upp. Markmiðið er að útrýma og bæta úr brotum á slíkum viðmiðum og jafna ágreining þar að lútandi.

11. Skortur á ferlum og kerfum til að hafa eftirlit með fylgni við meginreglur hnattræns samkomulags SP og viðmiðunarreglur OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki	Hlutfall fjárfestinga í fyrirtækjum sem hafa ekki sett sér stefnu um að hafa eftirlit með því að farið sé að meginreglum hnattræns samkomulags SP eða viðmiðunarreglum OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki eða hafa ekki ferla til afgreiðslu á kvörtunum/kærum sem miða að því að bregðast við brotum á þessum reglum	2,1%	Þekja 97,8% Áætlað 0% Greint frá 100%
--	---	------	---

Almenn nálgun

CWW FM hefur í heiðri þau mannréttindaviðmið sem koma fram í viðmiðunarreglum OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og hnattrænu samkomulagi SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum. Þetta undirstrikar áherslu CWW FM á að tryggja að fyrirtæki sem fjárfest er í standi vörð um mannréttindi, setji þau í forgang og innleiði öfluga stefnu á þessu sviði til að tryggja fylgni við viðmið og ábyrgð.

Hvatning til þátttöku í umbótum

Aðaláherslan í tengslum við þátttökuhvátningu er að fá þau fyrirtæki sem fjárfest er í til að setja sér stefnu um að koma í veg fyrir endurtekin brot á alþjóðlegum viðmiðum.

Atkvæðagreiðsla með umboði

CWW FM styður tillögur um að bæta verulega upplýsingagjöf um viðskiptahætti og fylgni við viðmið.

12. Óleiðréttur launamunur kynjanna	Meðaltal óleiðréttis launamunar kynjanna hjá fyrirtækjum sem fjárfest er í	7,8%	Þekja 29,4% Áætlað 0% Greint frá 100%	<p>Almenn nálgun Vegna stöðugar þróunar á þessu sviði og takmarkaðra fyrirbyggjandi gagna mun CWW FM halda áfram að fylgjast með og rannsaka framboð og gæði upplýsinga í tengslum við óleiðréttan launamun kynjanna. Eftir því sem þessari þróun vindur fram mun nálgun CWW FM taka á sig skýrari mynd.</p> <p>Atkvæðagreiðsla með umboði Í viðleitni sinni til að bæta hag hluthafa styður CWW FM tillögur um aukna upplýsingagjöf um kynjaójöfnuð.</p>
13. Kynjafjölbreytni í stjórnnum	Meðalhluftalið milli kvenkyns og karlkyns stjórnarmanna í félögum sem fjárfest er í, sem hundraðshlutfall af öllum stjórnarmönnum	32,3%	Þekja 99,7% Áætlað 0% Greint frá 100%	<p>Almenn nálgun Mat á kynjafjölbreytni í stjórnnum er óaðskiljanlegur hluti af fjárfestingarferli CWW FM.</p> <p>Hvatning til þátttöku í umbótum Ákvarðanir um að hvetja fyrirtæki sem fjárfest er í til þátttöku í umbótum í tengslum við kynjafjölbreytni byggir á því að taka tillit til nokkurra þátta, með meðalhóf að leiðarljósi. Þar á meðal eru stærð eignarhalds í fyrirtækinu sem fjárfest er í, mikilvægi málaflokksins, áreiðanleiki gagna, möguleikinn á að hafa áhrif á hegðun fyrirtækisins sem fjárfest er í og þau tilföng sem þarf til að hvetja til þátttökunnar.</p> <p>Atkvæðagreiðsla með umboði CWW FM styður almennt tillögur sem stuðla að fjölbreytileika stjórna.</p>
14. Fjárfestingar sem tengjast umdeildum vopnum	Hlutfall fjárfestinga í fyrirtækjum sem eiga aðild að framleiðslu eða sölu á umdeildum vopnum	0%	Þekja 99,6% Áætlað 0% Greint frá 100%	<p>Útilokanir Útilokun fjárfestinga í fyrirtækjum sem eiga aðild að framleiðslu eða sölu á umdeildum vopnum á við um allar sjóðsdeildir. Umdeild vopn eru m.a. jarðsprengjur, sýkla- og efnavopn, klasavopn, rýrt úran, kjarnorkuvopn og hvítur fosfór.</p>

Vísar sem eiga við um fjárfestingar í ríkisbréfum og yfirþjóðlegum aðilum					
Vísir um neikvæð áhrif á sjálfbærni	Mælikvarði	Áhrif 2023	Skýring	Aðgerðir sem ráðist hefur verið í, fyrirhugaðar aðgerðir og sett markmið fyrir næsta viðmiðunartímabil	
Umhverfiste ngt	15. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda egunda	Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda í löndum sem fjárfest er í	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Samfélagslegt	16- Lönd sem fjárfest er í og þar sem samfélagsleg brot eiga sér stað	Fjöldi landa sem fjárfest er í og þar sem samfélagsleg brot eiga sér stað (tölugildi og hlutfallsgildi deilt með öllum löndum sem fjárfest er í), eins og vísað er til í alþjóðasamningum og -sáttmálum, meginreglum Sameinuðu þjóðanna og, eftir atvikum, landslögum	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Vísar sem eiga við um fjárfestingar í fasteignum					
Vísir um neikvæð áhrif á sjálfbærni	Mælikvarði	Áhrif 2023	Skýring	Aðgerðir sem ráðist hefur verið í, fyrirhugaðar aðgerðir og sett markmið fyrir næsta viðmiðunartímabil	
Jarðefnaeldsneyti	17. Fjárfestingar sem tengjast jarðefnaeldsneyti gegnum fasteignir	Hlutfall fjárfestinga í fasteignum sem tengjast vinnslu, geymslu, flutningi eða framleiðslu jarðefnaeldsneytis	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Orkunýtni	18. Fjárfestingar í fasteignum sem teljast ekki orkunýtnar	Hlutfall fjárfestinga í fasteignum sem teljast ekki orkunýtnar	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við

Tafla 2: Valfrjálsir PAI-vísar

Loftslags- og aðrir umhverfistengdir vísar til viðbótar					
Loftslags- og aðrir umhverfistengdir vísar					
Vísir um neikvæð áhrif á sjálfbærni	Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti (eigindleg eða megingindleg)	Mælikvarði	Áhrif 2023	Skýring	Aðgerðir sem ráðist hefur verið í, fyrirhugaðar aðgerðir og sett markmið fyrir næsta viðmiðunartímabil
Vísar sem eiga við um fjárfestingar í fyrirtækjum					
Losun	4. Fjárfestingar í fyrirtækjum sem hafa ekki gert ráðstafanir til að draga úr kolefnislosun	Hlutfall fjárfestinga í fyrirtækjum sem hafa ekki gert ráðstafanir til að draga úr kolefnislosun sem miða að samræmi við Parísarsamkomulagið	62,7%	Pekja 100% Áætlað 0% Greint frá 100%	<p>Almenn nálgun CWW FM leggur áherslu á að viðhalda því markmiði að ná nettó núlllosun gróðurhúsalofttegunda í síðasta lagi árið 2050, í samræmi við Parísarsamkomulagið um að takmarka hlýnun jarðar við 1,5 gráður á Celsíus.</p> <p>Hvatning til þátttöku í umbótum Árið 2023 lagði CWW FM sérstaka áherslu á loftslagsmarkmið sem eitt lykilviðfangsefna ársins í tengslum við þáttökuhvatningu. Þetta viðfangsefni er enn lykilatriði í þáttökustefnu félagsins. CWW FM fylgist stöðugt með og hvetur fyrirtæki til að setja sér loftslagsmarkmið.</p> <p>Gegnum ársfjórðungslegt loftslagsmat sitt fylgist CWW FM einnig með því hlutfalli sjóðsdeilda sinna sem hafa engin markmið, markmið sem teljast ekki metnaðarfull, metnaðarfull markmið, tilgreind vísindamiðuð markmið (e. Science-Based Targets eða SBTs) og staðfest SBT-markmið.</p> <p>Atkvæðagreiðsla með umboði Stefna CWW FM um atkvæðagreiðslu á hluthafafundum miðar að því að styðja tillögur sem teljast vera í þágu sjálfbærrar langtímaávöxtunar fyrir hluthafa. Lykiláherslur CWW FM hvað þetta varðar eru m.a. mál sem minnihluti hluthafa leggur</p>

fram, tilhögun launakjara, aukin upplýsingagjöf og gagnsæi og mál sem tengjast sjálfbærni. Í tengslum við loftslagsmál hefur CWW FM nánar tiltekið staðið fyrir tillögum sem styðja stefnumið starfshóps Alþjóðlega fjármálastöðugleikaráðsins um loftslagstengda upplýsingagjöf á fjármálasviði (e. Task Force on Climate-Related Financial Disclosures (TCFD)) og innleiðingu tilmæla þessa starfshóps.

Tafla 3: Valfrjálsir PAI-vísar

Viðbótarvísar fyrir samfélags- og launþegamál, virðingu fyrir mannréttindum og ráðstafanir gegn spillingu og mútum

Vísar um samfélags- og launþegamál, virðingu fyrir mannréttindum og ráðstafanir gegn spillingu og mútum

Vísir um neikvæð áhrif á sjálfbærni	Neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti (eigindleg eða meginndleg)	Mælikvarði	Áhrif 2023	Skýring	Aðgerðir sem ráðist hefur verið í, fyrirhugaðar aðgerðir og sett markmið fyrir næsta viðmiðunartímabil
-------------------------------------	--	------------	------------	---------	--


Vísar sem eiga við um fjárfestingar í fyrirtækjum

Ráðstafanir gegn spillingu og mútum	15. Skortur á ráðstöfunum gegn spillingu og mútum	Hlutfall fjárfestinga í fyrirtækjum sem hafa ekki sett sér stefnu um baráttu gegn spillingu og mútum í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu (UNCAC)	3,1%	Þekja 99,9% Áætlað 0% Greint frá 100%	<p>Almenn nálgun CWW AM hefur undirritað meginreglur hnattræns samkomulags Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact Principles). Skuldbinding CWW AM við þessar meginreglur felur í sér kröfu um að fyrirtæki sem fjárfest er í virði allar tíu meginreglurnar, þ.m.t. meginreglu 10: „Fyrirtæki skulu vinna gegn spillingu í öllum sínum myndum, þ.m.t. fjárkúgun og mútum.“ CWW FM setur í forgang að fjárfesta í fyrirtækjum með öflugra stefnu gegn spillingu og ránum í samræmi við samning SP gegn spillingu, í því skyni að tryggja heiðarlega og gagnsæja viðskiptahætti.</p> <p>Hvatning til þátttöku í umbótum Fyrir allar sjóðsdeildir fylgist CWW FM stöðugt með þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í og metur og greinir</p>
-------------------------------------	---	--	------	---	--

aðlögun þeirra að hnattrænu samkomulagi SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum, leiðbeinandi meginreglum SP um viðskipti og mannréttindi og viðmiðunarreglum OECD fyrir fjölpjóðleg fyrirtæki. Aðaláherslan í þáttökuhvátningu félagsins er að fá þau fyrirtæki sem fjárfest er í til að setja sér stefnumið á þessu sviði.

Atkvæðagreiðsla með umboði

CWW FM styður tillögur um að bæta verulega viðskiptahætti og upplýsingagjöf um fylgni við viðmið og stuðla að gagnsæi og setningu siðferðisviðmiða hjá þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í.



Lýsing á stefnumiðum um greiningu og forgangsröðun helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti

CWW FM metur helstu neikvæðu áhrif fjárfestingarákvarðana sinna á sjálfbærniþætti á stigi fyrirtækisins í heild og á stigi sjóðsdeilda sinna, sbr. 4. og 7. gr. SFDR-reglugerðarinnar.

„Helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti“ eru skilgreind sem verulegustu neikvæðu áhrifin af fjárfestingarákvörðunum CWW FM á sjálfbærniþætti sem tengjast umhverfis-, samfélags- eða starfsmannamálum, virðingu fyrir mannréttindum og baráttu gegn spillingu og mútum.

PAI-vísar

PAI-vísarnir fela í sér skyldubundna og valfrjálsa mælikvarða á fjárfestingar í fyrirtækjum. Valfrjálsir PAI-vísar eru valdir á grundvelli mats á umfangi hugsanlegra áhrifa sem mæld eru með PAI-vísunum, mikilvægis þeirra fyrir sjóðina og aðgengis að nægilega vönduðum gögnum.

Greining og mat á helstu neikvæðu áhrifum

CWW AM hefur þróað eigið greiningartæki, sem nefnist Long-Term Investments in Sustainable Assets (LISA), til að bera kennsl á og meta helstu neikvæðu áhrif á grundvelli allra skyldubundinna og valfrjálsra PAI-vísa sem CWW FM hefur ákveðið að nota. PAI-greiningartólið notast við gögn frá fyrirtækjunum sem fjárfest er í og frá þriðju þjónustuaðilum.

CWW FM skilgreinir helstu neikvæðu áhrif á grundvelli mikilvægismats. Þetta mat getur m.a. falið í sér eftirfarandi:

- Líkur á að áhrifin komi fram og endurtaki sig,
- alvarleika áhrifanna,
- hvort áhrifin eru varanleg eða tímabundin,
- hvort unnt sé að draga úr áhrifunum eða hugsanlega ekki hægt að bæta úr þeim.

Helstu neikvæðu áhrif eru greind og metin á undan fyrstu fjárfestingu í viðkomandi fyrirtæki og svo reglulega á fjárfestingartímabilinu. Mikilvægismat getur verið mismunandi milli sjóðsdeilda á grundvelli fjárfestingarstefnu þeirra.

Helstu neikvæðu áhrif sem matsþættir í ákvarðanatökuferli fjárfestinga og í stefnumörkun um virkt eignarhald

Helstu neikvæðu áhrif fyrirtækis sem fjárfest er í eru matsþættir í ákvarðanatökuferli fjárfestinga félagsins ásamt öðrum þáttum, s.s. fjárhags- og viðskiptalegum þáttum og sjálfbærniáhættu.

Einnig er tekið mið af helstu neikvæðu áhrifum í stefnu CWW FM um virkt eignarhald og ferlum félagsins þar að lútandi. Hafi veruleg neikvæðu áhrif greinst hjá fyrirtækjum sem fjárfest er í getur það leitt til þess að CWW FM hvetji viðkomandi fyrirtæki til að gera betur. Ferli CWW FM við val á málaflokkum þar sem beita þarf þátttökuhvátningu og ferlinu við framkvæmd slíkrar hvatningar og atkvæðagreiðslu með umboði er lýst í sérstakri stefnu félagsins þar að lútandi (e. Engagement and Proxy Voting Policy), [sem finna má hér](#).

Skekkjumörk aðferðar

Skilvirkni þeirrar aðferðar sem CWW FM beitir við að greina og meta PAI-vísa er háð gæðum þeirra gagna sem berast frá fyrirtækjum sem fjárfest er í. Í tilvikum þar sem fyrirtæki sem fjárfest er í skortir nægjanleg gögn reiðir CWW FM sig á þjónustu þriðju aðila, en gögn frá þeim eru einnig háð vissum takmörkunum.

Uppruni gagna

Eigið greiningartæki CWW AM, sem nefnist Long Term Investments in Sustainable Assets (LISA), notast við gögn frá ytri gagnaveitum á sviði umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (UFS), upplýsingagjöf fyrirtækja og rannsóknir sem sérstakt alþjóðlegt teymi CWW AM á sviði UFS og fjárfestinga framkvæmir. Uppruni ytri gagna sem notast er við til að meta helstu neikvæðu áhrif getur verið mismunandi. PAI-vísar eru fengnar gegnum fréttu- og gagnaveituna Bloomberg og byggja á skýrslum og upplýsingagjöf fyrirtækja. Auk þess notast CWW FM við önnur gögn frá ýmsum aðilum fyrir ákveðna PAI-vísa. CWW FM er stöðugt að efla starfsemi sína á UFS-sviðinu og byggir hana á gögnum sem notuð hafa verið í fyrri verkefnum.



Páttökustefna

CWW FM hefur sett sér stefnu um páttökuhvatningu og atkvæðagreiðslu með umboði samkvæmt 3. gr. g tilskipunar (ESB) 2017/828 („tilskipunin um réttindi hluthafa“). Stefnan gildir um allar sjóðsdeildir CWW FM.

Nálgun CWW FM við að hvetja aðra til páttöku á UFS-sviðinu byggir á tvíþættri stefnu sem sameinar beina páttökuhvatningu við samstarf við þriðju aðila sem búa yfir sérfræðikunnáttu á þessu sviði. Páttökuhvatningin er samfelld og óslitið ferli, sem gerir CWW FM betur kleift að fá þau fyrirtæki sem fjárfest er í til að laga starfsemi sína að tilteknum UFS-stefnumiðum í samstarfi við stjórnendur þeirra. Þessi nálgun byggir á frumkvæði og gegnir mikilvægu hlutverki við að auka vitund innan fyrirtækja og ýta undir frumkvæði innan þeirra í stað þess að þau bregðist aðallega við utanaðkomandi þrýstingi.

Auk þess nýtir CWW FM sér samstarfsnet við aðra fjárfesta gegnum sérstaka páttökuhvatningarþjónustu ráðgjafarfyrirtækisins Sustainalytics. Þessi nálgun veitir aðgang að sannreyndu ferli og afar hæfum sérfræðingum með yfirgripsmikla þekkingu og tengslanet, sem nýtist við eftirlit og eftirfylgni með fyrirtækjunum sem fjárfest er í með tilliti til helstu UFS-málaflokka, svo sem mannréttinda,

launþegaréttinda og umhverfismála. Í ljósi þess að sjóðsdeildirnar eru minnihluti hluthafa í fyrirtækjum gagnast þjónusta Sustainalytics með því að sameina krafta CWW FM og annarra fjárfesta og hluthafa sem hafa svipaðar áherslur og eykur þannig getu CWW FM til að stuðla að breytingum.

PAI-vísar fyrirtækja eru metnir og geta verið grundvöllur þátttökuhvatningar sem beint er að hluthöfum. Í sumum tilfellum kann CWW FM að komast að þeirri niðurstöðu að tilraunir til þátttökuhvatningar muni ekki leiða ekki til nauðsynlegra framfara eða þeirra breytinga sem stefnt er að. Í slíkum tilvikum beitir CWW FM atkvæðagreiðslu á hluthafafundum sem öflugra tæki til að gefa til kynna í hvaða átt það vill að fyrirtækið sem fjárfest er í fari. Mæti CWW FM langvarandi mótspyrnu frá fyrirtækinu kann það að selja hlut sinn í því, sem er þó síðasta úrræði vegna þess að CWW FM vill frekar hvetja til framfara en ganga út úr fyrirtækinu.

Eftir hvert uppgjörstímabil metur CWW FM hvort helstu neikvæðu áhrif hafi minnkað samkvæmt PAI-vísum. Sé árangurinn talinn ófullnægjandi breytir CWW FM stefnumiðum sínum um þátttökuhvatningu í samræmi við það. Þetta getur falið í sér breytingar á áherslum CWW FM hvað varðar þátttökuhvatningu og umbætur á því ferli sem félagið beitir til að herða á kröfum sínum gagnvart fyrirtækjum þegar með þarf.

Stefnu CWW FM um þátttökuhvatningu og atkvæðagreiðslu með umboði er að finna [hér](#).



Vísanir í alþjóðlega staðla

Hnattrænt samkomulag SP um siðferði og ábyrgð í viðskiptum

(Tafla 1, PAI-vísar 10 og 11)

Árið 2021 skrifaði CWW AM undir hnattrænt samkomulag Sameinuðu þjóðanna um siðferði og ábyrgð í viðskiptum (e. UN Global Compact), sem felur í sér að laga fjárfestingarstefnu CWW FM að viðmiðum SP. Öll fyrirtæki sem CWW FM fjárfestir er í eru metin út frá alþjóðasamningum, þ. á m. tíu meginreglum hnattræna samkomulagsins, sáttmálum á sviði mannréttinda og launþegaréttinda og alþjóðlegum viðmiðum, en til þess er notað sérstakt matstæki Sustainalytics. Fyrirtækin eru skimuð áður en fjárfest er í þeim og svo mánaðarlega á fjárfestingartímabilinu. Þetta gerir kleift að hafa stöðugt eftirlit með þeim og að fylgjast með starfsemi þeirra á ýmsum sviðum.

Net Zero Asset Managers samstarfið

(Tafla 1, PAI-vísar 1-6, losun gróðurhúsalofttegunda)

Gegnum Net Zero Asset Managers samstarfið styður CWW FM ramma Parísarsamkomulagsins og núlllosun gróðurhúsalofttegunda í síðasta lagi árið 2050. Þótt CWW AM eigi enn eftir að setja sér nánari markmið til að efna þessa skuldbindingu í síðasta lagi árið 2050 vinnur félagið að umbótaáætlun í samræmi við Science Based Targets aðferðafræðina, sem felur í sér 50% minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda í síðasta lagi árið 2030 (miðað við 2019 sem grunnár) og núlllosun í síðasta lagi árið 2050. CWW FM hefur skuldbundið sig til að mæla öll veruleg raunlæg og fjárhagsleg áhrif loftslagsbreytinga og taka mið af loftslagsáhættu í stýringu sjóðsdeilda sinna. CWW FM notast við ýmis rammaviðmið og gagnatól við mat á og í samskiptum við fyrirtæki í tengslum við loftslagsáhættu, aðlögun og umskipti til núlllosunar í síðasta lagi árið 2050. Þar á meðal eru viðmið Climate Action 100+, Net Zero Company Benchmark, CDP, aðrir mælivísar fyrir fyrirtæki og Transition Pathway Initiative verkefnið. Auk þess gerir CWW FM ársfjórðungslegar loftslagsgreiningar á öllum sjóðsdeildum. Loftslagsgreiningarnar samanstanda af beitingu mælivísa kolefnis, greiningu á aðlögun að loftslagsviðsmyndum, greiningu út frá núlllosun og raunlægri loftslagsáhættugreiningu.

Framsýn loftslagssviðsmynd

Í ofangreindum ársfjórðungslegum UFS-skýrslum CWW FM er að finna framsýnar loftslagssviðsmyndir og notast við gögn frá ISS Data Desk, sem er þriðji aðili sem útvegar öll loftslagsgögn, þ. á m. greiningu á aðlögun að sviðsmyndum. Greiningin felur í sér samanburð á núverandi og framtíðarlosun gróðurhúsalofttegunda í eignasafninu við kolefnisheimildir samkvæmt tiltekinni sviðsmynd Alþjóðaorkumálastofnunarinnar (IEA) sem nefnist Sustainable Development Scenario. Á meðal þeirra upplýsinga sem greiningin veitir er hundraðshlutfall úthlutaðra heimilda sem eignasafn sjóðsdeildanna og ávöxtunarviðmið þeirra nýta, sem sýnir hvort CWW FM stefnir í að verða undir eða yfir tilgreindum kolefnisheimildum árið 2050.

Sögulegur samanburður

Sögulegur samanburður mun liggja fyrir árið 2025.